

Alþingi
Erindi nr. P 140/602
komudagur 1.12.2011



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2011
Tilvísun: 201111-0008 / IS/ks


Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um varðveislu menningararfleifðar á stafrænu formi – 140. löggjafarþing 2011-2012. Þskj. 118 – 118. mál

Tekið er undir markmið tillögunnar sem er annars vegar að koma í veg fyrir að menningarverðmæti glatist eða eyðileggist (varðveisla) og hins vegar að auðvelda fólki aðgang að menningarverðmætum sem er að finna á stafrænu formi (miðlun og aðgengi). Magn íslensks efnis á stafrænu formi eykst verulega á hverju ári og það er orðið aðkallandi verkefni að marka heildstæða stefnu í þessum málum, m.a. til að tryggja öryggi og samræmi, en flestar stofnanir hafa varla bolmagn til að halda utan um slíkt efni á eigin vegum.

Eins og kemur fram í greinargerð eru tækniframfarir hraðar á þessu sviði og því er erfitt að sjá langt fram í tímann. Afar mikilvægt er að skilningur sé á því að þessu verkefni ljúki aldrei þar sem engar varanlegar lausnir eru til og ljóst er að tryggja þarf verulegt fjármagn til verksins. Sífelld þarf að fylgjast með nýrri tækni við framleiðslu og miðlun rafræns efnis og færa eldra efni á ný form. Skynsamlegt er því að unnið sé að sameiginlegri leið eða lausn fyrir þær stofnanir sem hafa það hlutverk að safna slíku efni. Einnig þarf að huga að lagaramma varðandi söfnun, grisjun, miðlun og varðveislu gagnanna.

Það væri því gleðiefni og bæri vott um framsýni ef hægt væri að koma málinu í réttan farveg og að ná mikilvægum áföngum við varðveislu stafræns efnis á árinu 2018. Ennfremur væri skynsamlegt að gera áætlun um stafræna endurgerð íslenskrar menningararfleifðar sem væri lokið fyrir árið 2030.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

ARNGRÍMSGÖTU 3 · 107 REYKJAVÍK · SÍMI: 525 5600 · BRÉFASÍMI: 525 5615

NETFANG: upplys@landsbokasafn.is VEFFANG: www.landsbokasafn.is



NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS
ICELANDIC MUSEUM OF NATURAL HISTORY


Alþingi
Erindi nr. P 140/S29
komudagur 30.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. Nóvember 2011
NMSI 2011.101

Erindi: Umagnir um tvær þingsályktunartillögur

Meðfylgjandi eru umsagnir Náttúruminjasafns Íslands um þingsályktunartillögur er varðar A) Vefmyndasafn Íslands og B) Varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi, mál 118 og 121. Umsagnir eru einnig sendar í tölvupósti.


Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

28. nóvember 2011
Reykjavík

Umsögn um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi.

Til nefndasviðs Alþingis.

Óskað hefur verið umsagnar Náttúruminjasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi, mál 118, á 140. löggjafarþingi.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að setja fram markvissa, heildstæða og metnaðarfulla stefnu um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi og leggja drög að því að verkið verði unnið á næstu 10–20 árum eftir því hversu umfangsmikið það verður talið.

Náttúruminjasafns Íslands lýsir yfir fullum stuðningi við ofangreinda þingsályktunartillögu. Með tilkomu nýrrar tækni má bæði varðveita betur og auðvelda aðgengi að upplýsingum um nánast alla þætti íslensks þjóðfélags. Aðgengi að upplýsingum, um t.d. náttúrufræðileg efni, hefur á síðari árum orðið auðveldara en áður með tilkomu *internetsisns*. Mikið er til af bókum og skjölum sem ekki eru aðgengileg að á netinu en sem myndu nýtast ef þau væru tiltæk þar. Má nefna til samanburðar nefna vefinn *timarit.is* þar sem er aðgengi að tímaritum og dagblöðum og er gríðarlega mikið notaður.

Í þessu sambandi þarf sennilega að endurskoða og einfalda reglur um höfundarétt þannig að hann standi ekki í vegi fyrir framförum á þessu sviði.

Með vinsemd og virðingu


Helgi Torfason, sáfnstjóri Náttúruminjasafns Íslands



Alþingi
Erindi nr. P 140/502
komudagur 29. 11. 2011

Alþingi
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2011
Tilvísun: 2011110021/00.03

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi, 118. mál.

Til nefndasviðs Alþingis.

Óskað hefur verið umsagnar Þjóðminjasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi, 118. mál.

Um er að ræða hugmynd að mikilvægu verkefnið, sem tryggja þarf að unnt verði að vinna markvisst að komandi áratug. Vinna er þegar hafin, en mikilvægt er að tryggja heildarstefnu og nauðsynlegan stuðning við verkefnið sem er umfangsmikið. Það mun tryggja varðveislu og aðgengi alla að þeim merka brunni sem íslenskur menningararfur er. Þegar er unnið að á vegum þjóðmenningarstofnana landsins með það fyrir augum að tryggja varðveislu hins íslenska menningararfs. Frá sjónarhorni Þjóðminjasafns Íslands er mikilvægt að tryggja varðveislu ljósmyndasafns þess sem telur milljónir mynda, þjóðháttaupplýsingar, myndir af safnkostir almennt á stafrænu formi. Afar mikilvægt er að vinna við uppbyggingu hins menningarsögulega gagnagrunns, Sarps verði styrkt, en hann mun opna á vefnum árið 2012. Þar verðu unnt að miðla þeim menningararfi sem komið hefur verið á starfrænt form.

Mælt er með tillögunni.

Með vinsemi og virðingu

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður